

Fundargerð 79. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 21. mars 2022, kl. 14:00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni landshluta – til staðfestingar
2. Byggðaaætlun 2022-2036 – staða mála
3. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Katrín Einarsdóttir (HVIN, mætti kl. 15), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Hafþór Einarsson (MRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu), Þórarinn Sólmundarson (HVIN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Árni Freyr Stefánsson (IRN), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Pétur Berg Matthíasson (FOR). Eypór Björnsson (landshlutasamtökunum) sat hjá þennan fund, vegna umfjöllunar um áhersluverkefni sem tóku nánast allan fundartímann.

Formaður setti fund og bauð Hafþór Einarsson, nýjan fulltrúa MRN velkomin í stýrihópinn. Því næst var gengið til dagskrár.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni landshluta – til staðfestingar

Farið var yfir 30 ný áhersluverkefni fyrir árið 2022 frá fjórum landshlutum. Verkefnin höfðu verið send stýrihópnum með nokkurra daga fyrirvara svo hægt væri að skoða þau nánar í viðeigandi ráðuneytum. Frá Vesturlandi (SSV) voru tekin fyrir fjögur áhersluverkefni og voru þau öll staðfest. Frá Norðurlandi vestra voru tekin fyrir sex áhersluverkefni sem voru öll staðfest. Af Suðurlandi (SASS) bárust sjö áhersluverkefni og voru þau öll staðfest. Af Suðurnesjum (SSS) bárust tólf verkefni, tíu verkefni voru staðfest en óskað var nánari upplýsinga um tvö verkefni. Rætt var um það í framhaldinu að endurskoða þurfi eyðublaðið fyrir áhersluverkefni sem og framsetningu landshlutasamtakanna.

2. Byggðaaætlun 2022-2036 – staða mála

Formaður fór yfir stöðu mála varðandi vinnu við endurskoðun byggðaaætlunar. Áætlað er að áætlunin verði lögð fyrir ríkisstjórn 25. mars.

3. Önnur mál

Verkefnisstjóri minnti á fund SSV í Borgarnesi þriðjudaginn 29.03., sem er sá síðasti sem halda átti með landshlutasamtökum og stýrihópi árið 2021 en hefur verið frestað ítrekað.

Næsti fundur er skv. áætlun mánudaginn 4. apríl 2022. Mögulega frestast sá fundur og verður nánar ákveðið síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50